

1. SÖLUHEITI EFNIS, NAFN, HEIMILISFANG OG SÍMI INNFLYTJANDA/SELJANDA

Söluheiti: 2K-HS-Glæra CC4
Notkun efnis: Glært lakk
Dreifing og sala: ORKA ehf, Stórhöfða 37, Reykjavík, Sími: 586 1900
Framleiðandi: MIPA AG, Am Oberen Moos 1, D-84051 Essenbach, Germany.

Neyðarsími framleiðanda: 0049 8703 9220

Sími neyðarlínu Lögreglu, Sjúkraliðs og Slökkviliðs: 112

Sími eitrunarmiðstöðvar Landspítala HS: 543 2222

2. HÆTTULÝSING

Varúðarmerking: Á ekki við í þessu tilfelli

Upplýsingar varðandi sérstaka áhættu fyrir menn og umhverfi:

Þessi vöru þarf að merkja vegna „General classification guideline for preparations of the EU.“ í síðustu gildri útgáfu.

Við langa eða endurtekna snertingu við húð getur efnið valdið útbrotum vegna eiginleika þess til að eyða húðfitu.

Hefur slævandi áhrif

Hættusetningar:

H10 Eldfimt

H52/53 Skaðlegt vatnalífverum/Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni











H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

-Eiginleikar efnis

-Lýsing: Efnablanda, innihaldi lýst hér fyrir neðan ásamt hættulausum íblöndunarefnum.

Hættuleg innihaldsefni:		
CAS: 123-86-4 EINECS: 204-658-1	n-butyl acetate H 10-66-67	10-25%
CAS: 108-65-6 EINECS: 203-603-9	2-methoxy-1-methylethyl-acetate  Xi; H 10-66-67	≤ 2.5%
CAS: 1330-20-7 EINECS: 215-535-9	Xylene  Xn,  Xi; H 10-20/21-38	≤ 2.5%
CAS: 41556-26-7 EINECS: 255-437-1	Bis(1, 2, 2, 6, 6-pentamethyl-4-piperidyl)sebacat  Xi,  N; H 43-50/53	≤ 2.5%
CAS: 127519-17-9 EINECS: 407-000-3	Blanda af C7-C9 alkyl 3-[3-(2H-benzotriazol-2-yl)-5-(1, 1-dimethyl-ethyl)-4-hydroxyphenyl]propionates  N; H 51/53	≤ 2.5%
CAS: 97-86-9 EINECS: 202-613-0	Isobutyl methacrylate  Xi,  N; H 10-36/37/38-43-50	≤ 2.5%
CAS: 82919-37-7 EINECS: 280-060-4	Methyl-1, 2, 2, 6, 6-pentamethyl-4-piperidylsebacat  Xi,  N; H 43-50/53	≤ 2.5%

Viðbótarupplýsingar um hættusetningar eru í kafla 16.

4. SKYNDIHLJÁLÐ:

Almennt: Ef einkenni eitrunar koma fram eða grunur leikur á eitrun skal í öllum tilvikum haft samband við lækni. Einkenni eitrunar geta jafnvel komið fram eftir nokkra klukkutíma og þess vegna er nauðsynlegt að fylgjast með viðkomandi í 48 tíma eftir að slys verður.

Við innöndun: Flytjið viðkomandi út undir bert loft. Ef þörf er á veitið öndunaraðstoð. Haldið hita á viðkomandi. Ef viðk. er meðvitundarlaus skal búa um hann í hliðarstöðu þar til hjálpar berst. Gefið viðkomandi hvorki vott né þurrt.

Snerting við húð: Þvoið hörund með vatni og sápu og hreinsið vel. Notið ekki leysi eða þynni.

Snerting við augu: Fjarlægjið snertilinsur. Haldið augnlokum uppi og skolið stöðugt undir rennandi vatni í minnst 10. mín. Leitið læknaaðstoðar.

Inntaka: Skolið munn tafarlaust og drekkið mikið vatn. Framkallið ekki uppsölur. Haldið hita á viðkomandi í hliðarstöðu og leitið læknisaðstoðar tafarlaust.

5. ELDSVOÐI: VIÐBRÖGÐ

Slökkviefni – aðferð: CO₂, sandur, slökkviduft. Notið ekki vatn.

Sprautið ekki vatni á eldinn.

Varúðarbúnaður: Ekki er þörf á sérstökum varúðarbúnaði.

6. EFNALEKI

Til varnar starfsmönnum: Notið hlífðarfátnað og annan hlífðarbúnað. Haldið starfsmönnum án hlífðarbúnaðar fjarri.

Til varnar umhverfi: Tilkynnið viðkomandi yfirvöldum um hættu á að efnið vætli út í grunnvatn eða niðurföll. Komið í veg fyrir að efnið renni í niðurföll eða út í vatnskerfi.

Uppsöfnun /þrif: Notið efni sem binda vökva, t.d. sand, sag, kísilgúr eða vikursalla til að hreinsa efnið upp. Setjið í þétt ílát og fargið í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Tryggið að loftræsting sé næg og skolið ekki með vatni eða hreinsiefnum blönduðum með vatni.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun: Tryggið góða loftræstingu á vinnustaðnum. Gerið ráðstafanir til að eldfim og/eða sprengifim gufa nái ekki að myndast á geymslustað. Reykingar og neyslu matar og/eða drykkjar skal banna á notkunarsvæði efnisins. Efnið getur hlaðist stöðuspennu. Mælt er með notkun hlífðar- og skófatnaðar sem ekki hleðst upp af stöðuspennu.

Geymsla: Kröfur til geymslustaðar og íláta: Engar sérstakar kröfur eru gerðar. Geymið efnið þó fjarri matvælum og hafið ílát tryggilega lokuð. Geymsluflokkur: 3.

8. FORVARNIR – HLÍFÐARFATNAÐUR

Tryggið virka loftræstingu með útsogi þannig að loftskipti séu nægileg. Þegar metnun andrúmslofts er umfram mengunarmörk skal nota öndunargrímur. Efninu skal einungis úða í lokuðum sprautuklefa eða þar sem sérstök loftræsting er fyrir hendi sem kemur í veg fyrir að úðinn geti borist inn í önnur vinnurými. Allan hlífðarbúnað skal velja í samræmi við gildandi reglugerðir Vinnueftirlitsins og notið einungis búnað sem samþykktur er af Vinnueftirlitinu.

Mengunarmörk:**Efni sem þarfnast aðgæslu á vinnustað:**

123-86-4 n butyl acetate	
WEL ()	Skammtímamörk: 966mg/m ³ , 200 ppm
	Langtímamörk: 724mg/m ³ , 150 ppm
108-65-6 2-methoxy-1-methylethyl acetate	
WEL ()	Skammtímamörk: 548mg/m ³ , 100 ppm
	Langtímamörk: 274mg/m ³ , 50 ppm
	Sk
1330-20-7 xylene	
WEL()	Skammtímamörk: 442mg/m ³ , 100 ppm
	Langtímamörk: 220mg/m ³ , 50 ppm
	Sk; BMGV

Viðbótarupplýsingar: Við gerð lista yfir innihald var stuðst við gildandi staðla.

Hlífðarfatnaður og hlífðartæki:

Almenn varúð og þrif: Þvoið hendur fyrir matarhlé og við lok vinnu.

Geymið ekki nálægt matvælum, drykkjarvörum eða fóðri.

Fjarlægjið mengaðan og óhreinan fatnað strax.

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og eftir vinnu.

Andið ekki að ykkur gufum frá efninu.

Forðist snertingu og notið hlífðargleraugu.

Öndun: Filter A/P2

Sé efnameittun lofts umfram mengunarmörk í lengri eða skemmri tíma skal starfsmaður nota viðeigandi öndunargrímu.

Hendur: Notið hlífðarhanska sé um síendurtekna snertingu við efnið að ræða. Prófið tegund hanska fyrir notkun (t.d. gagnvart efnaþoli og styrk) og fylgið leiðbeiningum framleiðanda um notkun, geymslu, hirðu og endurnýjun. Endurnýið skemmda eða slitna hanska tafarlaust. Hlífðarkrem má nota á húð sem kemst í snertingu við efnið – þó aldrei eftir að snerting hefur átt sér stað.

Augu: Notið ávallt hlífðargleraugu ef hætta er á að efnið komist í snertingu við augu. Notið öryggisglæraugu sem falla þétt að.



9. EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR.

Almennar upplýsingar

Form/litur/lykt: Vökvi, litur samkvæmt lýsingu á vöru, sérkennandi lykt

Breyting á eiginleikum:

Bræðslumark: Ótilgreint

Suðumark: 124°C

Blossamark: 36°C (DIN 53213)

Kveikjumark: 370°C (DIN 51794)

Sjálfkveikimörk: Efninu er ekki hætt við sjálfvikveikju.

Sprengihætta: Efnið er ekki sprengifimt. Hins vegar geta myndast sprengfimar gufur/lofttegundir.

Sprengimörk, neðri: 1.2 Vol%

Sprengimörk, efri: 7.5 Vol%

Gufuþrýstingur við 20°C: 10.7 hPa

Eðlisþyngd við 20°C: 1.036gcm³ (DIN 53217)

Leysni í vatni: Uppleysanlegt

Seigja við 20°C: 120 s (DIN 53211/4)

Skilpróf leysiefna: <3%

Innihald leysiefna:

Lífræn leysiefni: 25.4%

VOC (EC) 263.0 g/l

Magn fastra efna í innihaldi: 74.6%

10. STÖÐUGLEIKI/HVARFAGIRNI

Niðurbrot við hita / aðstæður sem ber að varast: Ekkert niðurbrot ef efnið er notað í samræmi við leiðbeiningar.

Hættuleg niðurbrotsefni: Kolsýrlingur.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Bráðaeitrun:

Snerting við húð: Ertir ekki húð

Við augu: Ertir ekki augu

Erting: Hefur engin þekkt ertandi áhrif

12. SKAÐSEMI GAGNVART UMHVERFI

Umhverfisáhrif eitrunar:

Skaðlegt fiskum

Almennar upplýsingar: Getur verið skaðlegt vatni. Látið ekki óþynnt efni eða mikið magn af efninu komast í snertingu við grunnvatn, vatnsföll eða niðurföll. Getur haft skaðleg áhrif á örverur í vatni.

13. TIL ATHUGUNAR VIÐ FÖRGUN

Vara:

Má ekki henda með venjulegu heimilissorpi. Látið ekki efnið komast í niðurföll eða ræsi.

Spilliefnaskrá (European Waste Catalogue)	
08 01 11	afgangur af málningu og lakki sem innihalda lífræn leysiefni eða önnur hættuleg innihaldsefni

Óhreinsaðar umbúðir:

Fargið í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNING – STAÐALL/REGLUR



Á landi:

ADR/RID flokkur: 3 (F1) Eldfim efni

Hættuflokkur (Kemler): 30

UN: 1263

Pökkunarflokkur: III

Hættumerking: 3

Lýsing á vöru: 1263 PAINT

Athugasemdir: ≤ 450 l: -



Á legi:

IMDG flokkur: 3

UN: 1263

Merking: 3

Pökkunarflokkur: III

EMS númer: F-E, S-E

Sjávarmengun: Nei

Lýsing á vöru: PAINT

Athugasemdir: ≤ 30 l: -



Í lofti:

ICAO/IATA flokkur: 3

UN/ID númer: 1263

Merking: 3

Pökkunarflokkur: III

Lýsing á vöru: PAINT

15. LÖG OG REGLUGERÐIR SEM VARÐA EFNIÐ.

Efnið hefur verið flokkað og merkt samkvæmt gildandi reglum EU.

Hættusetningar:

H10 Eldfimt

H52/53 Skaðlegt vatnalífverum/Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Varnaðarsetningar:

V2 Geymist þar sem börn ná ekki til

V25 Varist snertingu við augu

V43 Við eldsvoða notið sand, koltvísýring eða duftslökkvitæki. Notið aldrei vatn.

V46 Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar

Sérstakar merkingar:

Inniheldur isobutyl methacrylate, Bis(1, 2, 2, 6, 6-pentamethyl-4-piperidyl) secabat, Methyl-1, 2, 2, 6, 6-pentamethyl-4-piperidylsecabat. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Þessar upplýsingar eru byggðar á núverandi þekkingu okkar. Samt sem áður skal þetta ekki teljast sem ábyrgð á neinum sérstökum eiginleikum vörunnar og skapar engin lagalega bundin samningstengsl.

Viðeigandi H-setningar:

H10 Eldfimt

H20/21 Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð

H36/37/38	Ertir augu, öndunarfæri og húð
H38	Ertir húð
H43	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
H50	Mjög eitrað vatnalífverum
H50/53	Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima